

Ed.

433. Nefndarálit

[210. mál]

um frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á allmörgum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að sá vísitölugrunnur, sem nú er í gildi, gefur ekki rétta mynd af meðalneyslu landsmanna í dag og að sá vísitölugrunnur, sem frv. kveður á um að tekinn verði upp, sé að öllum líkindum réttari að þessu leyti. Einnig er ljóst að mikilvægt er að leiðrétta núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar sökum áhrifa hennar á lánskjaravísitölu og þá einkum með tilliti til greiðsluferfiðleika vegna húsnæðiskostnaðar á tímum minnkandi kaupmáttar launa.

En þótt leiða megi líkum að því að „nýi“ vísitölugrundvöllurinn sé nær því að mæla meðalneyslu landsmanna eins og hún er nú, þá er alls óvíst **hversu** réttur þessi grundvöllur er, enda er hann byggður á 6 ára gamalli neyslukönnun.

Minni hl. nefndarinnar telur því nauðsynlegt að hafist verði handa nú þegar við gerð nýrrar neyslukönnunar, sem lögð verði til grundvallar nýrri framfærsluvísitölu, eins fljótt og auðið er. Þótt ekki séu greiddar verðbætur á laun er vísitala framfærslukostnaðar mælikvarði á kaupmátt launa og skiptir það miklu fyrir launafólk í landinu að hún sé jafnan sem réttust. Í framhaldi af því leggur minni hl. nefndarinnar áherslu á að Kauplagsnefnd kanni það eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll framfærsluvísitölu, þannig að tryggt sé að sú vísitala, sem í gildi er hverju sinni, fái staðist. Jafnframt telur minni hl. nefndarinnar mjög mikilvægt að gerð neyslukannana sé hagað á þann veg að jafnan megi fá fram til upplýsinga hvernig neyslu þess fjórðungs fjölskyldna í landinu, sem minnst hefur úr að spila, er háttað. Hér er um að ræða að hafa úrtak neyslukannana nógu stórt til að sundurgreina megi auðveldlega og þannig að marktækt sé hvernig neyslu lágtekjuhópa er háttað hverju sinni, en um það er nú litlar upplýsingar að hafa.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr., frsm.

Ragnar Arnalds.

Eiður Guðnason.